

Nr. 30.

26. okt.

Lög

um

hjónavígslu.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er brúðhjón eru saman gefin, er rjett að þau kjósi sjálf, hvort þau taka kirkjulega vígslu eða valdsmaður gefi þau saman, og hefir hvorttveggja sama lagagildi.

2. gr.

Ef þjóðkirkjuprestur eða löggiltur prestur eða forstöðumaður utanþjóðkirkjusafnaðar gefur hjón saman, skulu þeir gæta ákvæða laga um kirkjulega vígslu og senda sóknarpresti brúðarinnar skýrslu um vígsluna, ef það er eigi hann sjálfur, sem vígir.

Eigi ber sóknarpresti nein greiðsla fyrir hjónavígslu, sem annar embættismaður en hann hefir int af hendi.

3. gr.

Hjónaefni þau, er ganga vilja í borgaralegt hjónaband, riti bæjarfógeta eða sýslumanni í því lögsagnarumdæmi, þar er þau vilja láta gefa sig saman, beiðni um, að hann gefi þau í hjónaband.

4. gr.

Nú er sýslumaður eða bæjarfógeti beiðinn um að gefa hjón saman, og skal hann láta hreppstjóra birta það með uppfestri auglýsingu á þingstað hrepps þess, þar sem brúðurin er til heimilis, 3 vikum áður en hjón eru saman gefin, nema undanþága sje fengin að lögum. Í kaupstöðum fer um þessa birtingu sem þar er venja um auglýsingar þær, er almenning varða. Birtingin verður ógild, ef hjónaefni eru eigi saman gefin hinar næstu 12 vikur. Vilji nokkur hefja lögbann gegn hjónabandinu, skal segja til þess valdsmanni í lögsagnarumdæmi, þar sem brúður á heima.

5. gr.

Áður en valdsmaður gefur hjón saman, skal hann fullvissa sig um, að birting samkvæmt 4. gr. hafi farið fram eða undanþága sje fengin, og að eigi hafi lögbann verið

lagt við hjónabandinu. Um meinbugi skal valdsmaður gæta alls hins sama, sem prestum Nr. 30. þeim, er lögfulla hjónavígslu geta veitt, ber að gæta að lögum. Skírn, ferming og altaris- 26. okt. ganga sjeu eigi hjúskaparskilyrði, hvort sem valdsmaður eða prestur gefur hjón saman.

6. gr.

Hjónaefni skulu koma til brúðkaupsstefnu á þeim stað, degi og stundu, er valdsmaður ákveður. Skal valdsmaður þá fyrst brýna fyrir þeim þýðingu hjónabandsins; því næst tekur hann á móti játningu þeirra um, að þau vilji hjón verða, og lýsir loks yfir því, að þau sjeu gefin saman í lögmætt hjónaband. Um athöfn þessa fer að öðru leyti eftir settum reglum um það, hvernig valdsmenn skuli gefa saman hjón, og skal hún fram fara í heyranda hljóði og í viðurvist tveggja tilkvaddra votta. Bæjarfógeti eða sýslumaður skal rita í bók, sem til þess er ætluð, alt það, er nokkru má varða að því er til hjónabandsins kemur, og fái hjónin eftirrit þess, staðfest með nafni og embættisinsigli, til sannindamerkis um, að þau sjeu að lögum hjón orðin. Svo skal og valdsmaður, áður vika er liðin, senda annað eftirrit presti sóknar þeirrar, er brúðurin átti heima í, þá er hún giftist, og ritar hann þá skýrslu um hjónabandið í gerðabók prestakallsins.

7. gr.

Fyrir uppfestingu birtingar samkvæmt 4. gr. og vottorð um hana greiðist 1 króna. Þurfi hreppstjóri að takast sjerstaka ferð á hendur í því skyni, skal hann fá goldinn ferðakostnað samkvæmt lögum um aukatekjur hreppstjóra. Fyrir hjónavígslu og eftirrit af gerðabókinni skal gjalda valdsmanni 8 kr., er renni í landssjóð. Nú þarf valdsmaður að takast ferð á hendur til að gefa hjón saman, og skal þá greiða honum dagpeninga og farareyri, slíkan sem gildandi ákvæði um aukatekjur sýslumanna tilskilja.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi feldur fyrsti kafli laga nr. 4, 19. febr. 1886, um utanþjóðkirkjumenn, 1.—9. gr., að þeim báðum meðtöldum. Enn fremur 3. gr. 2. liður og 13. gr. í tilsk. 30. apr. 1824, um embætti prestanna að því er snertir hjónabönd, svo og önnur ákvæði í lögum, er í bága koma við þessi lög.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 26. október 1917.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jón Magnússon.